

Droplaugarstaðir – Hjúkrunar- og dvalarheimili í Reykjavík



VERKSVIÐ VERKÍS:

- Hönnun rafkerfa
 - Aðaldreifing
 - Almenn rafkerfi
 - Lýsingakerfi
 - Fjarskiptakerfi
 - Öryggiskerfi, s.s., brunaviðvörðunarkerfi, hurðastýringar, sjúkrakallkerfi o.fl.
- Gerð útboðsgagna
- Fageftirlit með rafkerfum á framkvæmdatíma

LÝSING

Bygging Droplaugarstaða hófst um 1980. Þá voru byggðar þrjár hæðir með vistrýmum og annarri þjónustu auk tæknirýma o.fl. í kjallara og risi. 2004 var byggð fjórða hæðin með vistrýmum ofan á þriðju hæðina og risið ásamt tæknirýmum endurbyggt þar ofan á. Í framhaldi af byggingu nýrrar 4. hæðar hófst endurnýjun á 3., 2. og 1. hæð í þessari röð auk kjallara að hluta til.

Í framhaldi af þessu var hönnuð um 400 m² viðbygging með þjónusturýmum og stækkun samkomusalara, en hún hefur ekki verið byggð ennþá.

Rafteikning, núna hluti af Verkís, hefur annast hönnun rafkerfa og gerð útboðsgagna frá upphafi. Einnig sá Verkís um útboðsgögn fyrir endurnýjun á sjúkrakallkerfi hússins 1997. Kerfið var síðan endurnýjað aftur í tengslum við stækkunina 2004. Það kerfi sem nú er í notkun inniheldur, auk hefðbundinnar virkni sjúkrakallkerfa, möguleika á sérstakri vöktun eftir hegðunarmynstri, auk þess að bjóða upp á auðveldan aðgang að allri tölfræði (statistik) um aðgerðir í kerfinu.

ALMENNT UM VERKIÐ

Eigandi Droplaugarstaða er Reykjavíkurborg. Húsnæðið skiptist í grófum dráttum í fjórar hæðir með vistrýmum og tengdri þjónustu, auk tæknirýma í kjallara og í risi.

Á Droplaugarstöðum er lögð áhersla á heimilislegt umhverfi, virðingu fyrir einkalífi, athafnasemi, öryggi og vellíðan bæði íbúa og starfsfólks.

LYKILUPPLÝSINGAR

Stærð:

Um 7.000 m² á 4 hæðum auk riss og kjallara

Fjöldi vistrýma

Um 90

Byggingartími:

1980 – 2005

Í tveim áföngum

Starfsemi:

- Hjúkrunardeildir
- Kjarnar fyrir minnissjúka
- Mötuneyti
- Sjúkraþjálfun
- Iðjuþjálfun
- Félagsstarf
- Hárgreiðslustofa
- Fótaaðgerðastofa
- Þvottahús

